



Skýrsla stjórnar Steinsteypufélags Íslands starfsárið 2008 – 2009

Almennt

Þótt miklar efnahagslegar hamfarir hafa dunið yfir íslenska þjóð á þessu starfsári hefur Steinsteypufélaginu að mestu tekist að halda sínu striki. Þó hefur félagið ekki verið alveg ósnortið af umhverfi sínu. Stuðningsaðilarnir hafa sumir horfið og aðrir átt í erfiðleikum með að standa í skilum þó um litlar upphæðir sé að ræða. En einnig hefur kreppan valdið breyttum áherslum, ný umfjöllunarefni hafa verið tekin fyrir og önnur umgjörð um fundina. Að vanda voru fundir og ráðstefnur mest áberandi í starfsemi félagsins.

Haustrfundur um ábyrgð og galla í byggingariðnaði.

Fyrsti fundur vetrarins var haldinn þriðjudaginn, 21. október og fjallaði um ábyrgð og galla í byggingariðnaði

Fundurinn var mjög líflegur og kom margt athyglisvert fram. Fyrirlesararnir voru skemmtilegir og bjuggu greinilega að mikilli þekkingu og hinir fjölmörgu gestir höfðu sig mikið í frammi. Þetta var m.a. rætt:

- Venjulega taka verktakar vel í að lagfæra galla en taka oft góðan tíma í það
- Mikið hefur verið byggt á síðustu árum og gallar eiga eftir að koma fram. En margir verktakar eiga nú í vandræðum svo erfiðara verður að sækja lagfæringar og bætur. Rætt um að koma þyrfti upp tryggingarsjóði sem leysa myndi slík mál líkt og er í Danmörku.
- Fæst bótamál enda fyrir dómi því reynt er að leysa þau með samkomulagi
- Helst er kvartað yfir leka og raka en önnur atriði eru fjölbreytt.
- Helstu kvartanir eru vegna atriða sem einhvern tímann hefðu ekki þótt merkileg en lítið um alvarleg atriði. Þó eru nokkur erlend dæmi um mannvirki sem hafa hrunið.
- Byggingarstjórar gegna miklu hlutverki í byggingaframkvæmdum. Þeir þurfa að hafa tryggingar. Byggingarstjórar mega ekki vera jafnframt meistarar.
- Meistarar virðast bera mikla ábyrgð á verkframkvæmd en ekki er nein trygging í boði fyrir þá.
- Rætt var um að gamli hefðbundni veggurinn með plast einangrun að innan uppfylli ekki kröfur reglugerða.
- Stór hluti af göllum eru vegna mistaka í hönnun

Fundur um stöðu byggingariðnaðarins á Íslandi



Skýrsla stjórnar Steinsteypufélags Íslands starfsárið 2008 – 2009

Góð aðsókn, um sjötíu manns var á fund Steinsteypufélagsins um stöðuna á byggingamarkaðnum sem haldinn var 4. desember 2008. Össur Skarphéðinsson Steypumálaráðherra flutti inngangserindið og fór á kostum. Hann blés til sóknar og taldi að menn ættu ekki að vera yfirsvartsýnir.

Þrátt fyrir að verið sé að skera niður fjárlög um 50 milljarða er meiningin að setja inn töluverðar upphæðir í fjarfestingar þar sem lögð er áhersla á mannaflsfrekar framkvæmdir. Ljóst sé þó að byggingariðnaðurinn fer ver út úr þeim samdrætti sem framundan er en aðrar greinar. Mikil umræða skapaðist í kjölfar erindis Össurar og greinilegt að byggingamönnum er mikið niðri fyrir og vildu koma því á framfæri við ráðherrann.

Aðrir fyrirlesarar sem komu í kjölfar Steypumálaráðherrans komu fram með ýmis sjónarmið um stöðuna. Sérstaka athygli vöktu mismunandi tölur um fjölda fullbúinna íbúða á lager, allt frá 1200 sem komu fram í máli Árna Jóhannsonar hjá Samtökum iðnaðarins til 3000. Brýnt er fyrir markaðinn að fá á hreint hvaða tala er sú rétta. Örn Steinar Sigurðsson Verkís sýndi fram á að mikið magn af iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði hefur verið byggt og líklegt er að samdráttur í framkvæmdum milli ára verði gríðarlegur.

Auk umræðu um offramboð er greinilegt að mikið vandamál er með fjármögnun framkvæmda. Hvorki ríki né opinber fyrirtæki fá fjármögnun erlendis frá og því er bitist um innlenda fjármuni. T.d. vill Orkuveitan halda áfram framkvæmdum við virkjanir en fær ekki frekar en aðrir fjármagn. Helgi Leifsson greindi frá að þeir hafa þó ákveðið að halda áfram hönnun og undirbúningi. Fundarmenn voru sammála um að undirbúningi framkvæmda yrði að halda áfram og hann yrði þá vandaðri áður en tekin væri ákvörðun eða framkvæmdir hafnar. Hrólfur Jónsson sagði að Reykjavíkurborg ætlaði að leggja marga milljarða í framkvæmdir ef fjármögnun fæst á viðunandi kjörum. Lögð verði áhersla á mannaflsfrekar framkvæmdir og úr innlendum eignum.

Í máli Kolbeins Kobeinssonar Ístak og Örn Steinars kom fram að ekki er einfalt að sækja á erlenda markaði því þar væri oft mikil samkeppni og tæki tíma að koma sér upp nauðsynlegri þekkingu. Betra að byrja í samstarfi við erlenda aðila. Sérþekking er gulls ígildi á sama hverju væri. Lögð var áhersla á að framkvæmdir yrðu hvergi stöðvaðar til að ekki tapaðist þekking og reynsla.

Steinsteypudagur 2009 -stemning í kreppu

Þrátt fyrir kreppuástand mættu á annað hundrað manns á Steinsteypudag 2009. Dagskráin var byggð upp á svipaðan hátt og 2008, sambland af rannsóknum, steypufræðum,



Skýrsla stjórnar Steinsteypufélags Íslands starfsárið 2008 – 2009

hönnun, arkitektúr og framkvæmdum. Góður rómur var gerður að þeim fínu fyrirlestrum sem haldnir voru. Erlendir fyrirlesarar voru fjórir. Thomas Christoffersen frá Bjarke Ingels group fjallaði um arkitektúr, Frank Clement frá BASF um brunavarnir í jarðgöngum, Vacla Pavlovsky sagði frá Héðinsfjarðargöngum og Yogesh Chhabra frá Novaars International Ltd. Singapore sagði frá styrkingu gamallar steypu.

Íslensku fyrirlesararnir stóðu sig vel með sitt fjölbreytta efni. Þeir voru Ólafur Wallevik sem sagði frá Eco steypu, Karsten Iversen með steypuhönnun, Börge Wigum með hönnun fyrir veðrunarþol, Björn Marteinson sagði frá mæingum á raka í gólfum og síðasti fyrirlesarinn fyrir hádegi var Orkumálastjórinn Guðni A Jóhannesson sem sagði frá áhrifum steypu á orku og umhverfismál í byggingum. Eftir hádegi sagði Bjarni Reynarsson frá Húsnæðis og búsetuóskum Reykvíkinga, Óskar Valdimarsson frá BIM og Steinsteypudeginum lauk með frásögn Indriða Níelssonar frá viðgerð á Hallgrímskirkju.

Að vanda voru nemendaverkefni verðlaunuð og kynnt og að þessu sinni voru það verkefni um Skrið steypu og áhrif þess á burðarvikjahönnun frá Pálma Þór Sævarssyni sem og annað eftir Helga Bárðason um Jarðskjálftavirkni og hönnun sem hlutu styrkinn. Óvenju mikill fjöldi sótti um að þessu sinni.

Gerðar voru nokkrar breytingar á gjaldtöku á Steinsteypudeginum til að koma til móts við sem flesta. Boðið upp á kreppuaðgangseyri þar sem hægt var að fá lægra verð með því að sleppa sumum hlutum dagsins. Flesir kusu þó að halda í hefðina og sitja allan daginn.

Að þessu sinni voru 3 aðilar með bása á Steinsteypudeginum NMÍ, BM Vallá og Mannvit.

Fundur um viðgerðir

Rúmlega 60 manns voru mættir á fund Steinsteypufélagsins og Múrarmeistarafélags Reykjavíkur um viðgerðir á steiptum byggingum sem haldinn var í húsakynnum Múrarmeistarafélagsins við Skipholt í Rvík.

Helgi Hauksson verkfræðingur á NMÍ, Sverrir Jóhannesson tæknifræðingur og múrari á Eflu og Þórir Magnússon múrari hjá Múrlínu höfðu framsögu en fundarmenn höfðu sig mikið í frammi með spurningum og athugasemdum. Greinilegt er að viðgerðir eru aftur



Skýrsla stjórnar Steinsteypufélags Íslands starfsárið 2008 – 2009

komnar á dagskrá eftir að hafa verið vanræktar í mörg ár. Fundurinn var því góð upprifjun þótt á þessum stutta tíma hafi verið útilokað að gera öllum smáatriðum skil.

Steypustöðin, BM Vallá, Múrbúðin og Byko voru stuðningsaðilar fundarins.

Starfshópar

Steinsteypufélagið hefur stofnað nokkra starfshópa til að vinna að ýmsum málum iðnaðarins. Starfshópur sem reiknar hagkvæmni steyptra slitlaga er að ljúka vinnu sinni. Þessi hópur hefur verið undir stjórn Guðmundar Guðmundssonar stjórnamanns. Verkefnið er styrkt af Vegagerðinni en Ásbjörn Jóhannesson hjá NMÍ sér um útreikningana.

Steinsteypufélagið hefur einnig starfshóp sem hefur að markmiði að kanna áhrif mismunandi vibratora á eiginleika steypunnar en einnig að meta hve blaut steypa megi vera.

Hátíðnivibratorar hafa verið að ryðja sér til rúms á síðustu árum. Þeir eru sagðir gefa jafnari steypu og minni aðgreiningu en hefðbundir vibratorar en virðast vera kraftminni. Verkefnið miðar að því að bera þessa vibratora saman.

Sígilt ágreiningsefni á vinnustöðum er hve steypa eigi að vera blaut. Verkefninu er ætlað að nálgast meir hve blaut steypa megi vera án þess að bera skaða.

Steinsteypunefnd tók þetta verkefni upp á verkefnalista sinn og einnig er það styrkt af BM Vallá og Steypustöðinni. Verkefnið er komið vel á veg. Búið að steypa og mæla nokkrar prófsteypur. Þetta verkefni er fyrsta verkefnið sem Steinsteypufélagið kemur inn í Steinsteypunefnd í samræmi við nýgert samstarfssamkomulag.

Fleiri starfshópar eru á teikniborðinu.

Fréttabréf

Gefið var út í janúar 2009 fréttabréf sem var 20 síður með fjölbreytilegu efni úr byggingariðnaðinum. Tókst að fá auglýsingar í blaðið sem stóðu að mestu undir kostnaði.



Skýrsla stjórnar Steinsteypufélags Íslands starfsárið 2008 – 2009

Viðtökur við blaðinu voru góðar. Það þyrfti hins vegar að komast í meiri dreifingu því efnið er svo gott og það gleður einnig auglýendur.

Norrænt samstarf

Norrænt samstarf var á síðasta ári hefðbundið. Steinsteypufélagið er aðili að tveim nefndum annars vegar er Norræna steypuvísindanefndin (NBFK, Nordisk betong forskningskomite) sem heldur tvo fundi á ári og hins vegar Samband norrænu steinsteypufélaganna (NBF, Nordisk betongforbund) sem heldur einn fund á ári.

Þessi starfsemi er í afar föstum skorðum hjá félögum okkar á Norðurlöndum og litlar breytingar ártugum saman. NBFK er að gefa út ágætis fræðirit sem vel er lesandi en NBF er svona töluvert snakk um hvað hin einstöku félög eru að gera.

Börge Wigum er orðinn fastafulltrúi Steinsteypufélagsins í Vísindanefndinni en einnig er að koma inn Jón Wallevik fyrir hönd Steinsteypunefndar.

Vísindanefndin hélt fund í Reykjavík síðastliðið haust sem haldinn var hjá Mannvit. Seinni fundurinn var síðan haldinn í Osló í vor og sótti Börge Wigum hann. Hvorki framkvæmdastjóri né formaður sóttu norræna fundi á erlendri grundu á þessu ári.

Skipan stjórnar

Stjórn Steinsteypufélagsins var óbreytt frá fyrra ári.

Einar Einarsson formaður,

Kai Westpahl varaformaður

Indriði Níelsson ritari

Gylfi M Einarsson, Jón Möller og Guðmundur Guðmundsson meðstjórnendur

Framkvæmdastjóri Steinsteypufélagsins er Indriði Níelsson en Vífill Oddsson og Kristján Sveinsson eru skoðunarmenn reikninga.



Skýrsla stjórnar Steinsteypufélags Íslands starfsárið 2008 – 2009

Stjórnin hafði sem stefnu að halda fundi á hálfsmánaðarfresti yfir vetrartímamann en þeim var öðru hvoru hliðrað fram eða aftur eftir aðstæðum.

Breyting verður á stjórnarmönnum á næsta ári vegna reglunnar um hve lengi stjórnarmenn mega sitja.

Framundan

Það er fyrirjáanlegt að aðstæður í þjóðfélaginu nú munu breyta starfsemi Steinsteypufélagsins á næsta ári. Föstum stuðningsaðilum félagsins hefur fækkað og erfiðara er að setja upp sanngjarnan aðgangseyri að hverjum viðburði. Á fundinum um viðgerðir á þessu vori var ákveðið að hafa frítt inn en fengnir voru stuðningaðilar sem auglýstu á fundinum. Það virkaði og yfir 60 manns voru mættir. Líklegt er að fara verði svipaðar leiðir á næsta ári. Mögulegt er einnig að færa verði fundina úr hótelsölum yfir á aðra ódýrari fundarstaði.

Það er erfitt að skipuleggja næsta starfsár fyrirfram að neinu viti. Það liggur þó fyrir að halda fund um ílagin í gólf á haustdögum. Reynslan sýnir að fyrsti fundur haustsins þarf að vera kominn rekspöl á vordögum. Æskilegt væri að rýna vel í Steinsteypudag ársins 2010 og athuga hvort ekki sé mögulegt að stokka hann eitthvað upp og gera hann enn skemmtilegri. Á næsta ári mætti einnig reyna að bæta enn nýtingu á heimasíðu félagsins. Og koma þar á framfæri fróðleik og samskiptum.

Starfsemi Steinsteypufélagsins er afskapleg blómleg. Félagið er 38 ára gamalt og ég tek eftir því að fólk á erfitt með að trúna því hve mikið er gert í þessu félagi. Það þarf því að fara með gát í allar byltingar innan félagsins sem gætu ruglað þessu starfi. T.d. er ætti alls ekki að breyta reglunni um að stjórnarmaður skuli ekki sitja meir en fjögur ár í senn. Sú umræða kemur alltaf upp þegar öflugir stjórnarmenn hverfa á braut.

En þetta má alls ekki koma í veg fyrir að félagið sé þróað áfram í takt við breytt umhverfi. Ýmsar hugmyndir hafa verið. Á síðustu árum hefur félagið t.d. verið þróað út í að líta á málefni alls byggingariðnaðarins í stað steypuiðnaðarins eingöngu. Í þeim tilgangi höfum við reynt að velja ekki of einsleitan hóp stjórnarmanna. Best er að þer komi sem víðast að úr byggingariðnaðinum.



Skýrsla stjórnar Steinsteypufélags Íslands starfsárið 2008 – 2009

Hins vegar væri æskilegt að stofna innan félagsins nefnd steypufræðinga og steypuframléiðenda þ.e. nefnd þeirra sem eru með hendurnar í steypunni alla daga Þessi nefnd þyrfti að hafa áveðið markmið og starfssvið t.d. að skipuleggja verkefni fyrir Steinsteypunefnd verkefni inn á Steinsteypudag ofl.

Fleiri hugmyndir eiga vonandi eftir að stinga upp kollinum á næsta ári og komast í framkvæmd.

Mig langar að lokum að þakka stjórnarmönnum félagsins fyrir skemmtilegt og frjótt samstarf á síðasta ári.

29.5.2009

Einar Einarsson formaður